FRAMHALDSSKÓLINN
Í AUSTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU

Áfangalýsing FAS

Titill	Inngangur að hug- og félagsvísindum
Námsgrein:	Inngangur
Viðfangsefni:	hug- og félagsvísindi
Skammstöfun:	INGA1HF05
Þrep:	1
Einingafjöldi:	5
Lýsing:	Í áfanganum er farið yfir helstu viðfangsefni í hug- og félagsvísindum og tengsl þeirra innbyrgðis. Sérstök áhersla er lögð á þekkingafræðilegan og heimspekilegan grunn hug- og félagsvísinda og áhrif hugmyndafræðinnar á skoðanir okkar og hugsun. Einnig er farið í helstu rökvillur og birtingarmyndir þeirra.
Forkröfur:	Engar
Þekkingarviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • helstu viðfangsefnum hug- og félagsvísindagreina og hvernig þær hafa áhrif hvor á aðra • gildi heimspekilegra samræðna • þekkingarfræðilegum grunni hug- og félagsvísinda • áhrifum hugmyndafræðinnar á skoðanir okkar og hugsun • rökvillum
Leikniviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • beita gagnrýnni hugsun og færa rök fyrir máli sínu • eiga jákvæð og uppbyggileg samskipti • beita öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum og samvinnu við lausn verkefna • nota fjölbreyttar námsaðferðir og afla gagna á margvíslegan hátt • meta vinnuframlag sitt og setja sér raunhæf markmið • meta stöðu sína innan samfélagsins • lesa í og skilja umfjöllun um helstu stofnanir samfélagsins • lesa úr og túlka talnagögn um samfélagsleg málefni • rökræða gegnum virka hlustun og eigin tjáningu • tjá sig í ræðu og riti á skipulagðan hátt um viðfangsefni sem tengjst hug- og félagsvísindum • spyrja og svara heimspekilegum spurningum • greina einfaldar rökvillur í ræðu og riti
Hæfniviðmið:	Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • stunda nám í hug- og félagsvísindagreinum á framhaldsskólastigi

	• setja fram eigin skoðun og taka þátt í umræðum • gera sér grein fyrir samspili þekkingar, umburðarlyndis og fordóma • fjalla um skoðanir og gildi annara af virðingu og víðsýni • átta sig á hvernig hugmyndafræði hefur áhrif á skoðanir í samfélaginu • greina rökvillur í daglegum samskiptum
Námsmat	Námsmat er útfært í kennsluáætlun í samræmi við skólanámskrá.